

# ReykjavíkúAkademían

## ÁRSSKÝRSLA 2023

MÁLSVARI

MIÐSTÖÐ

RANNSÓKNIR

ÞEKKINGAR-  
MIÐLUN



## **EFNISYFIRLIT**

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	1
<b>ÁVARP STJÓRNARFORMANNS</b> .....	3
<b>REYKJAVÍKURAKADEMÍAN: MÁLSVARI OG MIÐSTÖÐ FRÆÐAFÓLKS</b> .....	4
<b>SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLKS. AÐGERÐAÁÆTLUN 2022–2024</b> .....	7
<b>LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2023</b> .....	8
<b>HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2023–2024</b> .....	9
<b>FRÆÐAÞING 2023 – INNAN GARÐS OG UTAN</b> .....	16
<b>DAGSKRÁ FRÆÐAÞINGS 2023 OG ÞÁTTTAKENDUR</b> .....	17
<b>SKIPULEGGJENDUR FRÆÐAÞINGS 2023</b> .....	18
<b>SVIPMYNDIR FRÁ FRÆÐAÞINGI – INNAN GARÐS OG UTAN</b> .....	19
<b>SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2023–2024</b> .....	22
<b>SKÝRSLA STJÓRNAR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2023–2024</b> .....	23
<b>BÓKASAFN DAGSBRÚNAR</b> .....	25
<b>ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2023</b> .....	26
<b>ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 20223</b> .....	29
<b>FRÆÐIMENN OG FÉLÖG</b> .....	30

---

**ReykjavíkAkademían. Ársskýrsla 2023**

Október 2024

Ábyrgðarmaður Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Ljósmyndir Anna Þorbjörg nema annað sé tekið fram.

Útgefandi: ReykjavíkAkademían ses

Útgáfunúmer RA-2024-4

Þórunnartún 2, 105 Reykjavík

562 8565 / [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

[www.akademia.is](http://www.akademia.is)

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Ef eitt orð ætti að fanga starfsemi ársins hjá okkur í ReykjavíkurAkademíunni væri það innviðaupbygging. Eftir að hafa farið ofan í kjölinn á rannsóknar- og vinnuumhverfi okkar og þróunar sjóða- og styrkjamála, sem við höfum áhyggjur af, var komið að því að endurskoða stjórnskipulagið, hlutverk og starfsemi og finna leiðir til að efla þá þætti sem mest við megum. Slík vinna er lítt sýnileg, en rétt eins og þátttaka í rannsóknargáttinni IRIS og nútímavæðing bókhaldsins er hún nauðsynleg. Orð eins og gagnavistunarstefna, málalykill og stafrænir ferlar leika okkur nú á tungu. Gamanlaust þó, þá er þessi þáttur starfseminnar hvort tveggja tíma- og mannaflsfrekur enda hefur hann reynst ReykjavíkurAkademíunni þungur í vöfum í gegnum tíðina. Mig langar að minna á ítarlegar skýrslur og samantektir á vefnum okkar, [akademia.is](http://akademia.is), þar sem breytingar á stjórnun Akademíunnar er kynnt. Einnig umsagnir við lagafrumvörp og áform stjórnvalda.

Vegna mikillar vinnu við að endurskoða innviðina var öðrum mikilvægum verkefnum skotið á frest. Þar má nefna Fræðaping 2024 - Undan huliðshjálminum sem á að halda á haustið 2025. Einnig að ljúka gerð gagnagrunns um afurðir og störf demóna frá upphafi og gerð félagatals. Söfnun upplýsinga um starfsemi okkar og afurðir er forsenda þess að við séum sýnileg í hagtölum sem er nauðsynlegt fyrir stefnumótun stjórnvalda í málefnum sjálfstætt starfandi fræðafólks.

Þó komum við ýmsu í verk á starfsárinu. Á fyrsta Fræðapinginu, sem við höldum í september 2023, beindum við sjónum að hlutverki hug- og félagsvísinda; þeim hluta fræðasamfélagsins sem starfar utan háskólanna; að opinberri fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og möguleikum ungs fræðafólks að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun. Þingið var einstaklega vel heppnað, enda valinn maður í hverju rúmi og það gefur okkur byr undir báða vængi að halda þeim ótrauð áfram. Við réðum í nýja stöðu skrifstofustjóra, áttum góða fundi með formanni Visku og fögnum því að faghópur sjálfstætt starfandi hefur verið komið á fót. Þá höfum við átt í góðu samtali við rektor og fulltrúa Háskóla Íslands unánara samstarf og munum halda því áfram og við vinnum að því að styrkja tengslin við systurstofnun okkar. AkureyrarAkademíuna og eru ýmsar hugmyndir þar að lútandi í farvatninu.

Án hugrekkis til að leita nýrra leiða sem hreyfiafl og málsvari sjálfstætt starfandi fræðimanna hefði Reykjavíkur-Akademían ekki lifað af fyrsta aldarfjórðunginn. Hvernig henni tókst það hvetur okkur til að taka næstu skref inn í nýja tíma sannfærð um nauðsyn þess að vera áfram kjölfesta fyrir komandi kynslóðir fræðafólks sem starfa utan háskóla. Þeirra framtíð og hagur er leiðarljós okkar inn í óræða tíma sem munu krefjast hugrekkis okkar allra.

Megi ReykjavíkurAkademían lengi lifa!

Lilja Hjartardóttir, formaður stjórnar.

## REYKJAVÍKURAKADEMÍAN: MÁLSVARI OG MIÐSTÖÐ FRÆÐAFÓLKS

ReykjavíkúAkademíunnar (RA ses) er málsvari og miðstöð fræðafólks á sviði hug- og félagsvísinda og vettvangur rannsókna og þekkingarmiðlunar þess hluta vísinda-, fræða- og nýsköpunarsamfélagsins sem starfar utan stofnana.

Markhópur ReykjavíkúAkademíunnar, sjálfstætt starfandi fræðimenn, er ekki sérstaklega skilgreindur sem hópur, hvorki almennt í samfélaginu eða í samþykktum RA ses. sem hefur bundið þjónusta sína við þann hluta fræðafólks sem hefur atvinnu af fræði- og ritstörfum og listum og er skráð í Félag ReykjavíkúAkademíunnar (FRA).

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að auka sýnileika hópsins, þetta raðirnar og efla samstöðuna og

skoða stöðu hópsins í umhverfi rannsókna- og nýsköpunar og á atvinnumarkaði. Einnig hefur stofnunin verið styrkt verulega sem málvari sjálfstætt starfandi fræðafólks í umhverfi rannsókna- og nýsköpunar. Nánari upplýsingar eru í skýrslunni *Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022-2024* (RA-2024-1)

Efling Miðstöðvar fræðafólks er hluti af innviðaupbyggingunni sem fór fram á starfsárinu. Áherslan er á sveigjanlega vinnu, funda- og fyrirlestrarrými og á eldri þjónustu við fræðafólk utan háskólanna. Nánari upplýsingar eru í skýrslunni *Miðstöð fræða í Hafnarstræti 5* (RA-2024-9) sem er á vef Akademíunnar.



## FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARFSEMINA

### Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar(RA)

Stjórnin var kosin á aðalfundi 8. júní 2023 og hélt 15 fundi á starfsárinu 2023-2024.

Formaður er Lilja Hjartardóttir, varaformaður Ólöf Anna Jóhannsdóttir, Gylfi Gunn-laugsson gjaldkeri og Þorleifur Hauksson ritari. Unnur G. Óttarsdóttir meðstjórnandi og varamenn í stjórn eru Bára Baldursdóttir og Ingunn Ásdísardóttir.



### Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (FRA)

Stjórn FRA kosin á aðalfundi 2022 hélt 11 fundi á starfsárinu.



Björg Árnadóttir var kjörin formaður. Fljótlega tók Björg Hjartardóttir við því starfi. Gjaldkeri er Þuríður Jónsdóttir, ritari Oddný Eir Ævarsdóttir og meðstjórnendur Haukur Arnþórsson og Árni Finnson. Salvör Aradóttir er skoðunarmaður reikninga.

Einn sameiginlegur fundur stjórna (F(RA)) var haldinn á starfsárinu.

### Fagstjórn Bókasafns Dagsbrúnar

Kristín Jónsdóttir og Mördur Árnason eru fulltrúar RA í fagstjórn bókasafnsins. Kristín er jafnframt formaður fagstjórnar.

### Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðamanna

Fulltrúi RA í stjórn sjóðsins er dr. Þórunn Sigurðardóttir og dr. Davíð Ólafsson til vara.

### Sælustjórar

Salvör Aradóttur og Ingibjörg Hjartardóttir.

### Akademónar í húsi

Á árinu 2022 störfuðu 44 vísinda-og fræðimenn, rithöfundar, þýðendur og fleira fjölbæft og listrænt fólk í Þórunnartúni 2. Nöfn þeirra eru aftast í þessari skýrslu ásamt lista yfir stofnanir, fyrirtæki og félög sem störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2023.

**Starfsfólk og ráðgjafar** Á árinu 2023 störfuðu 2 einstaklingar hjá RA í samtals 1,5 stöðugildum.

Framkvæmdastjórinn Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir í fullu starfi og þjónustufulltrúinn, Linda Guðlaugsdóttir í 50% starfi.

### Verkefnisstjórar

Árni Gylfason annast upptökur og streymi á stærri viðburðum og er ráðgjafi RA varðandi umsjón og leigu á upptökubúnaði RA.



Ingibjörg Hjartardóttir hafði umsjón með Bókasafni Dagsbrúnar en lét af störfum í mars 2024.

Birkir Fannar Einarsson var ráðinn til þess yfirfara og samþætta samfélagsmiðla Akademíunnar, vinna kynningarefni og ljúka smíði viðbóta við vefinn. Verkefninu miðar vel.



Oddný Eir Ævarsdóttir var ráðin til þess að vinna vefgátt Bókasafns Dagsbrúnar og Ólöf Anna Jóhannsdóttir sem verkefnisstjóri Fræðapings 2023. Ólöf var einnig ráðin til þess að móta nýtt félagatal ReykjavíkurAkademíunnar.

Þá starfaði Björg Hjartardóttir á fyrri hluta ársins 2023 sem amtaður og í lok þess sem verkefnisstjóri við uppsetningu Bókasafns Dagsbrúnar.

## VINNUHÓPAR STJÓRNAR

Fjöldmargir vinnuhópar störfuðu á vegum stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar starfsárið 2023-2024 sem unnu með framkvæmdastjóra að því að skoða í kjölinn ýmis mál sem flest vörðuðu innviði ReykjavíkurAkademíunnar. Tillögur hópanna voru lagðar fyrir stjórn og skiluðu sér því í fjölmörgum ákvörðunum sem varða stjórnun og hlutverk stofnunarinnar, samskiptin innanhús, stefnum um gagnavörslu, Rannsóknþjónustu og Útgáfumál og aukna þjónustu við félag. Einnig í ákvörðun um flutning ReykjavíkurAkademíunnar úr Þórunnartúni 2.

Á vef stofnunarinnar ( [www.akademia.is/akademian/saga-ra/stjornir-ra/](http://www.akademia.is/akademian/saga-ra/stjornir-ra/) ) er yfirlit yfir vinnuhópana. Ákvarðanir stjórnar 2023-2024 eru aðgengilegar í tveimur skýrslum: Nýtt skipulag ReykjavíkurAkademíunnar (RA-2024-10) og *Miðstöð fræða í Hafnarstræti 5* (RA-2024-9) sem eru báðar á vef Akademíunni.

### Vertu með okkur í liði!

ReykjavíkurAkademían er samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Á vefsíðunni eru ýmsar upplýsingar um kosti aðildar að Félagi ReykjavíkurAkademíunnar.

Doktorsnemum og nýdóttorur sem vinna að rannsóknum njóta 30% afsláttar af leigu.

Félög og lítil fyrirtæki eru aðilar að ReykjavíkurAkademíunni og þátttakendur í að skapa dýnamískt fræðafélag. Mörg þeirra nýta aðstöðu RA til funda- og viðburðahalds.

Á forsiðu vefs Akademíunnar eru krækjur á umsóknareyðublöð sem þarf að fylla í til að sækja um aðild að FRA eða um vinnuaðstöðu í Þórunnartúni 2.\*

Hægt að senda fyrirspurnir á skrifstofu RA á netfangið [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)

\* Félagsaðild: [akademia.is/thjonusta/umsokn-um-felagsadild/](http://akademia.is/thjonusta/umsokn-um-felagsadild/)  
Vinnuaðstaða: [akademia.is/thjonusta/umsokn-um-vinnuadstodu/](http://akademia.is/thjonusta/umsokn-um-vinnuadstodu/)

## SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLKS. AÐGERÐAÁÆTLUN 2022-2024

Samhliða útkomu stefnu ReykjavíkurAkademíunnar 2021–2025 hóf stjórn ReykjavíkurAkademíunnar vinnu við að efla þjónustu stofnunarinnar við félagsfólk og að tala máli þess bæði á vinnumarkaði og í umhverfi rannsókna. Til að skerpa á þessari áherslu var gefin út skýrslan Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Stefnuskrá stjórnar RA 2021-2022 (Skýrsla RA-2022-1) þar sem verkefninu er skipt upp í fjóra hluta sem þó skarast:


- I. skilgreina hópinn og fylkja liði
- II. styrkja rannsóknainnviði og umhverfi rannsókna
- III. leiða í ljós hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks
- IV. gæta hagsmuna fræðafólks á vinnumarkaði

Lokamarkmiðið er að ReykjavíkurAkademían verði miðja samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks og starfi í þágu þess og samfélagsins alls að því að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa. Hluti þeirra verkefna sem sett voru á dagskrá er lokið en önnur hafa bæst við. Því hefur stefnuskráin verið uppfærð og gefin út að nýju undir heitinu *Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022-2024* í ritstjórn Lilju Hjartardóttur. Skýrslan er númer RA-2024-1 í skýrsluröð ReykjavíkurAkademíunnar.



Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks  
Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022-2024

*Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks.*  
*Aðgerðaáætlun stjórnar RA 2022–2024* má nálgast á vef  
stofnunarinnar á slóðinni  
<https://www.akademia.is/adgerdaaetlun-stjornar-2022-2024/>





## LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2023

### Rekstrartölur

Rekstartekjur umfram gjöld voru kr. 3.124.125

Tekjur að frádregnum fjármagnstekjum skiptast þannig að 31% eru sjálfsaflafé, að stærstum hluta leigutekjur en einnig tekjur af þjónustu.

Tæp 45 % af tekjum ársins eru framlag ríkis.

Framlag Eflingar vegna Bókasafns Dagsbrúnar eru rúm 24% af heildartekjum stofnunarinnar og nýtast til að greiða kostnað af rekstri safnsins sem er rúm 27% af rekstrarkostnaði RA. Kostnaður af grunnstarfsemi er tæp 21% af heildarkostnaði, húsnæðiskostnaður 35% og kostnaður vegna sérverkefna 17%.

### Starfsmenn

Á árinu störfuðu við stofnunina 2 starfsmenn í 1,5 stöðugildum eða alls 18 mannmánuði.

### Áhrif af leka á fyrstu og annarri hæð

Ómældur tími hefur farið í vinnu vegna leka á fyrstu hæð ReykjavíkurAkademíunnar. Áhrifin voru einnig mælanleg í framboði á borðum fyrir fræðafólk. Taka þurfti úr leigu 5 borð allt árið svo koma mætti fyrir fundarherbergi og skrifstofu Bókasafns Dagsbrúnar.

Auk þess þurfti að taka úr leigu haustið 2023, 5 borð sem ætluð voru ungu vísinda- og fræðafólki og 2 önnur borð tímabundið vegna leka frá gluggum annarrar hæðar með tilheyrandi raski. Vegna þessa var

meðalfjöldi borða í útleigu 33 á árinu 2023 en sambærileg tala árið 2022 var 38 borð

### Fræðafólk og félög í húsi

Vinnuaðstaða var fyrir 33 fræðimenn á árinu 2023.

Samtals var fjöldi fræðafólks á árinu 44, þar af 2 forsvarsmenn stofnana og félaga. Í eftirfarandi tölum er ekki gerður greinarmunur á einstaklingum og lögaðilum.

26 leigðu aðstöðu allt árið en 18 einstaklingar voru að meðaltali 4,7 mánuði í húsi. Meðaldvalartími aðilanna 44 voru því 9 mánuðir.

4 einstaklinga leigðu hálf töluborð.

Hlutfall kynja er jafnt, karlar voru 52% fræðafólksins og konur 47%.

Á árinu bættust 10 nýjir fræðimenn í hópinn en 8 heltust úr lestinni. Á árinu starfaði einn doktorsnemi í húsi, einn mastersnemi og einn nýdóktor. Öll nutu 30% afláttar á leigu.

Nýting borða var með ágætum þrátt fyrir rask vegna leka. En ljóst að rekstur ReykjavíkurAkademíunnar er enn í járnum eftir heimsfaraldur og lokunar fyrstu hæðar Akademíunnar og hluta af vinnurýmum vegna leka.

## HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2023–2024

### STJÓRNUN OG REKSTUR:

#### Stjórnun ReykjavíkurAkademíunnar

Í upphafi var ReykjavíkurAkademían starfrækt sem félagasamtök og var rekin sem slík til ársins 2006 þegar stjórnarfyrikomulaginu var breytt og sjálfeignarstofnun sett á fót. ReykjavíkurAkademían ses, tók yfir allar skuldbindingar og hlutverki félagsins en nafni þess og hlutverki breytt. Félagið (FRA) á fyrst og fremst að styðja við stofnunina og fylkja liði félagsmanna. Hlutverkunum var þannig lýst í fundargerð aðalfundar 2006:

Félag RA á að vera félagslegur bakhjarl, en stofnunin verður sjálfstæður framkvæmdaaðili. Félagið hefur taumhald á sjálfseigarstofnunni með því að ráða því hverjir sitja í stjórn, en RA ses. verður framkvæmdaaðili.

Engu að síður hefur verkaskipting og samvinna á milli stofnunarinnar og félagsins verið á reiki. Skipulagið þykir flókið og ýmsar hefðir hafa þróast sem hvorki byggja á samþykktum RA né lögum FRA. Um þetta var mikið fjallað á starfsárunum 2022-2024 bæði innan stjórnar RA og FRA og á fundum formanna beggja stjórnar.

Niðurstaða umræðnanna varð sú að fylgja bæri ráðum lögfræðings RA og færa verkaskiptingu stjórnanna frá og með aðalfundi 2023 að þeim fyrirmælum sem fram koma í samþykktum og lögum. Komi í ljós að þörf sé á breytingum, þá verði byrjað á að breyta samþykktum og/eða lögum áður en verklaginu verði breytt.

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses fór í gagngera endurskoðun á stjórnarháttum, hlutverki og starfsemi stofnunarinnar. Hlutverk stofnunarinnar var skoðuð og þjónusta við fræðafólk. Ábyrgð stjórnenda og

starfsmanna var rædd og tengslin við stjórn FRA og féлага þess. Skipaði stjórn RA vinnuhópa sem ásamt framkvæmdastjóra fóru ofan í kjölinn á ýmsum málum og lögðu að því loknu mótaðar tillögur fyrir stjórn til frekari umræðna og ákvörðunar. Sjá nánar á síðu 6.

Meðan á innviðaupbyggingunni stóð voru önnur brýn verkefni lögð til hliðar, þar á meðal áform um Fræðaping 2024, vinna við að þetta raðir fræðafólks sem starfar sjálfstætt og kynning á stofnunni og fræðafólki hennar.

#### Lagagrunnur samþykktar RA ses

Það háir nokkuð starfsemi stofnunarinnar, bæði í hlutverki hennar sem málsvari fræðafólks og sem bakhjarl í rannsóknum, að samþykktir RA ses byggja á lögum um sjálfeignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur 33/1999. Skoðun stjórnanda RA bendir til þess að hentugra væri að samþykktir byggja á lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Álit lögfræðings var fengið og bendir í sömu átti og ekkert virðist standa í vegi fyrir því að lagagrunni stofnunarinnar verði breytt. Það bíður nýrrar stjórnar að kanna málið til hlítar og taka ákvörðun um framhaldið.

#### Stjórnskipulag og nýtt skipurit

Nýtt stjórnskipulag ReykjavíkurAkademíunnar ses var samþykkt. Þar er ábyrgð og samhæfing stjórnar, starfsfólks, verkefnisstjóra og demóna skýrð bæði í máli

og í nýju skipuriti. Þar er gert ráð fyrir sérstökum starfsnefndum sem hafi það hlutverk að veita stjórn RA ses ráðgjöf í ákveðnum. Lagt er upp með að byrja á stofnun Framtíðarnefndar til að tryggja að starfsemi stofnunarinnar þróist í takt við samfélagið og Rannsóknarnefndar til að styðja við uppbyggingu rannsóknarumhverfis og myndun rannsóknahópa.

Þá voru unnar starfsreglur stjórnar með hliðsjón af lögum um sjálfseignastofnanir, samþykktum RA og starfsreglum sambærilegra stjórna.

Nýja skipuritið má sjá á síðu 4 og skýrsluna *Stjórnskipulag. Ábyrgð og samhæfing stjórnar, starfsfólks og verkefnisstjóra (RA-2024-2)* er á vef Akademiunnar.

Í tengslum við innleiðingu á nýju skipuriti var Inntöku- og samskiptanefnd sem nýlega hafði verið sett á fót lögð niður. Sama gegnir um starfshóp um rannsóknarumhverfi sjálfstætt starfandi fræðimanna sem hefur starfað frá árinu 2021 að því að efla umhverfi rannsókna við ReykjavíkurAkademiunnar.

Þá ákvað stjórnin að frá og með janúar 2024 þiggur formaður stjórnar RA fasta greiðslu fyrir sína vinnu í þágu stofnunarinnar.

### **Hlutverk ReykjavíkurAkademiunnar**

Fest var í sessi það hlutverk stofnunarinnar að vera málsvari og miðstöð fræðafólks sem starfar utan háskólanna og að vera vettvangur rannsókna og þekkingarmiðlunar. Nánar er fjallað um hlutverk RA ses á síðu 4.

### **Gagnavistunarstefna og málalykill**

Töluvert vantar upp á að gögn tengd starfsemi ReykjavíkurAkademiunnar hafi varðveist og/eða eru aðgengileg fyrir starfsfólk og stjórnir. Úr þessu var bætt með gagnavistunarstefnur ReykjavíkurAkademiunnar sem er sú fyrsta skipti í sögu stofnunarinnar sem er birt á síðu 15 í þessari skýrslu.

Þá var unninn málalykill sem er aðgengilegur á vef stofnunarinnar (RA-2024-8) og rafrænt gagnasafn stofnunarinnar endurskipulag með hliðsjón af honum.

Gengið var úr skugga um að RA er ekki skjalaskildur aðili en það bíður nýrra stjórnenda RA að halda áfram þróun málalykils, tryggja varðveislu gagna og gera aðgengilegan gagnasafnið sem er á prentuðu formi. Þá þarf að halda áfram söfnun eldri gagna fyrri stjórnenda RA ses og FRA og koma gögnunum í varðveislu hjá Þjóðskjalsafni Íslands.

### **Ýmsir samningar**

Samningur við Háskóla, vísinda og nýsköpunarráðuneytið var endurnýjaður til eins árs og undirritaður nýr samstarfssamningur við AkureyrarAkademiuna.

Yfirstandandi eru viðræður við Háskóla Íslands um samstarf milli stofnanna um ýmis mál sem varða hagsmuni fræðafólk á sviði hug- og félagsvísindasvið.

Samstarf við Hið íslenska bókmenntafélag um útgáfu ritraðarinnar íslenskrar menningar var endurvakinn. Í haust kemur út í ritröðinni bók Ingunnar Ásdísardóttur um Jötna. Ritstjóri er Þorleifur Hauksson.

## MÁL SVARI FRÆÐAFÓLKS:

### Fræðaping – vettvangur samstarfs fræðafólks

Fræðaping er nýr vettvangur um samstarf fræðafólks sem starfar utan og innan háskólana að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda.

Markmiðið er að skapa sameiginlega sýn fræðafólks sem starfar að rannsóknum og þekkingarmiðlun, ræða tækifæri og ógnanir og leggja grunn að samvinnu um rannsóknir og þekkingarmiðlun þvert á starfsvettvang og ólíkar fræðigreinar.

Fyrsta Fræðapingið var haldið 2023 undir yfirskriftinni Innan garðs og utan og var sjónum beint að hlutverki hug- og félagsvísinda, þeim hluta fræðasamfélagsins sem starfar utan háskólanna, að opinberri fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og möguleikum ungs fræðafólks að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun. Nánar má lesa um Fræðaping 2023 á síðu 16-20 í þessari skýrslu. Þá má benda á skýrsluna *Fræðaping 2023- Innan garðs og utan* (RA-2024-3)

### Á atvinnumarkaði

ReykjavíkurAkademían hefur á árinu haldið áfram samstarfi við BHM og Visku, félags sérfræðinga um að efla fræðafólk sem starfar sjálfstætt á vinnumarkaði.

Framkvæmdastjóri sótti nokkra fundi á þeirra vegum og hélt þar uppi sjónarmiðum fræðafólks. Þá er framkvæmdastjóri formaður faghóps fræðafólks sem starfar sjálfstætt sem nýlega var settur á fót innan vébanda Visku.

### Tölfræði um starfsemi fræðafólks utan háskóla

Söfnun upplýsinga um starfsemi og afurðir fræðafólks sem starfa sjálfstætt er mikilvægt skref í þá átt að gera hópinn sýnilegan í hagtölum og á atvinnumarkaði.

Nauðsynlegt er að samræma upplýsingar og skilgreina hugtök sem notuð er. Hafist var handa við að skilgreina þann hluta sem safnað er til birtingar í ÍRIS sérstaklega með hliðsjón af því að afurðir fræðafólks utan háskólanna eru á fjölbreyttara formi en hefðbundnari afurðir rannsókna. Einnig eru snertifletir við rafrænt félagatal og viðbót við vefinn sem kallast Erindi og birtingar.

### Opinber fjármögnun rannsókna

Haldið var áfram vinnu síðasta starfsárs að skoða aðgengi fræðafólks utan háskólanna að opinberum styrkjum til rannsókna og þekkingarmiðlunar sem var birt í skýrslunni *Opinber fjármögnun rannsókna fræðafólks sem starfar sjálfstætt* (RA-2022-3) sem er aðgengileg á vef stofnunarinnar.

Þeim sjónarmiðum sem þar voru færð fram var haldið á lofti í öllum samskiptum, bæði beint við háskólaráðuneytið, á fundum um fyrirhugaðar breytingar á uppbyggingu hins opinbera sjóðakerfis og í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda. Og mun ReykjavíkurAkademían áfram að fylgjast með þeim áformum og halda til haga hagsmunum sjálfstætt starfandi fræðafólks.

## Niðurskurður fjárveitinga í samkeppnissjóði

ReykjavíkurAkademían tók þátt í mótmælum vísindasamfélagsins gegn stórfelldum niðurskurði fjárveitinga í samkeppnissjóði Vísinda- og tækniráðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024. Niðurskurður samkeppnissjóðanna var rúmlega milljarður króna þrátt fyrir að fjárveitingar séu þegar mun lægri en í sambærilega sjóði í nágrannalöndunum.

Efnt var til undirskriftasöfnunar þar sem stjórnvöld voru hvött til þess að hlífa fjármögnun grunnrannsókna enda gengur niðurskurður sjóða sem styrkja grunnrannsóknir þvert á Vísinda- og tæknistefnu Íslands auk stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sem kveður á um eflingu grunnsjóða í rannsóknum og nýsköpun.

## Afmælissjóður ReykjavíkurAkademíunnar

Settur var á stofn Afmælissjóður ReykjavíkurAkademíunnar og lögðu stjórn RA ses og stjórn FRA 500.000 kr. hvor í stofnframlag. Reglur sjóðsins eru á vef stofnuarinnar og birtar í skýrslunni *Nýtt skipulag ReykjavíkurAkademíunnar (RA-2024-10)*

## MIÐSTÖÐ FRÆÐAFÓLKS

### Loksins, loksins: fyrsta hæðin opnaði að nýju

Eftir 15 mánaða bið var fyrsta hæð ReykjavíkurAkademíunnar loksins tekin í notkun í byrjun febrúar 2024 eftir umfangsmiklar framkvæmdir í kjölfar leka í botnplötu. Mikill og dýrmætur tími fór á árinu í mál sem tengdust leka á fyrstu hæð. Lokunin hafði mikil og varanleg áhrif á starfsemi RA því með henni lokaðist fyrir áframhaldandi uppbyggingu á þjónustu við félag, á funda- og fyrirlestraaðstöðuna og þekkingarmiðlun hvers konar.

Vinna við að koma búnaði og bókum í fyrra horf hófst um áramótin 2023/2024 og hafði Björg Hjartardóttir veg og vanda af því verkefni. Auk þess lentu á hennar herðum vinna við að verkstýra verktökum sem störfuðu á vegum Íþöku að lokafrágangi, þar á meðal uppsetningu á hillum og rykræsting rýmisins.

### Aðbúnaður í ReykjavíkurAkademíunni

Stjórnin samþykkti nýjar reglur um leigu á vinnurýmum til fræðafólks. Markmiði er að bjóða upp á fjölbreytt, aðlaðandi og snyrtilegt vinnurými sem höfðar til fræðafólks óháð aldri og eðli og umfangi verkefna sem það vinnur að. Einnig er reglunum ætlað að styðja við starfsfólk með skýrum leikreglum sem stuðla að jafnfræði milli leigutaka, bæði innan og á milli skrifstofa og að lokum að draga úr kostnaði og vinnu starfsfólks vegna flutninga á búnaði milli rýma og á Sorpu. Reglurnar eru aðgengilegar á vef Akademíunnar og birtar í skýrslunni *Nýtt skipulag ReykjavíkurAkademíunnar (RA-2024-10)*

## Flutningur úr Þórunnartúni

Á starfsárinu hófst leit að nýju húsnæði fyrir starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar. Að baki ákvörðun um flutning úr Þórunnartúni 2 lágu nokkrar ástæður, húsaleigusamningur var að renna út, lítill sveigjanleiki í nýtingu vinnurýma og ákvörðun Eflingar að hætta rekstri Bókasafns Dagsbrúnar.

Unnin var þarfagreining fyrir ReykjavíkurAkademíuna og var niðurstaða hennar að flytja starfsemi RA innan þess sporbaugs fræða og menningar sem er að byggjast upp í Kvosinni og Vatnsmýrinni. Nokkrir kostir sem uppfylltu skilyrði þarfagreiningarinnar voru skoðaðir og þótti Hafnarstræti 5 álitlegasti kosturinn. Börkur Hrafnsson lögfræðingur og fasteignasali var ráðgjafi stjórnar, bæði við leit að húsnæði og við samninga um leigu sem ekki er að fullu lokið og verður framhaldið af nýrri stjórn.

## Miðstöð fræða

Samhliða gerð þarfagreiningar um nýtt húsnæði var unnin ný viðskiptaáætlun fyrir ReykjavíkurAkademíuna þar sem áhersla er lögð uppbyggingu Miðstöðvar fræða með fjölbreyttum og sveigjanlegum vinnu-, funda- og fyrirlestrarýmum og góðu aðgengi fyrir alla félaga. Í boði verður ýmiss konar þjónusta. Nánar er fjallað um þessar hugmyndir í skýrslunni *Miðstöð fræða í Hafnarstræti 5* (RA-2024-9) sem er á vef stofnunarinnar.

## Rannsóknþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar

Áfram var unnið að því að móta og efla Rannsóknþjónustu ReykjavíkurAkademíunnar. Unnið var eftir aðgerðaáætlun um efling rannsókna og ræktun

rannsóknahópa og að lokum voru fest niður skýr viðmið um hvað fellst í þjónustu RA við rannsakendur og rannsóknarhópa. Stefna heitir *Aðstaða fyrir rannsakendur í ReykjavíkurAkademíunni. Þjónusta og áframhaldandi uppbygging*. (RA-2004-5) og er aðgengileg á vef Akademíunnar.

Dr. Atli Antonsson var ráðinn verkefnisstjóri rannsóknþjónustunnar í 20% stöðu. Hans hlutverk verður meðal annars að styðja við uppbyggingu rannsóknnaumhverfis við Akademíuna, koma að ræktun rannsóknahópa, veita góð ráð við umsóknir um styrk í og lesa yfir umsóknir.

## IRIS – rannsóknargátt fræða-, lista- og vísindafólks á Íslandi

Unnin voru viðmið um aðild RA að IRIS sem verða notuð um leið og opnað verður fyrir aðgang ReykjavíkurAkademíunnar að rannsóknargáttinni.

Sótt hefur verið um aðild að IRIS og hefst innleiðingin þegar forsvaraðilar gagnagrunnsins hafa lokið yfirstandandandi samningaviðræðum vegna næsta samningatímabils og ákveðið í hvaða röð nýjar stofnanir sem sinna rannsóknum verða teknar inn í kerfið.

## Kynningamáli

Vegna innviðauppgildingar haf vefgáttin sem Oddný Eir vinnu að, viðbætur við heimasíðu og mótun kynningaráætlunar setið á hakanum. Allt eru þetta mikilvæg verkefni sem lengi hafa verið í vinnslu. Þór Martinsson var ráðinn kynningarfulltrúi í 20%

stöðuhlutfalli í apríl 2024 til þess að sinna kynningarmálum.

### **Stuðningur við útgáfu**

Miklar umræður fór fram meðal demóna og stjórnenda RA um stuðning stofnunarinnar við útgáfustarfsemi félagsmanna. Óskað var eftir námskeiðum um útgáfumál, aðstoð við gerð útgáfusamninga og að RA gerði samning við bókaútgáfur um útgáfu fræðirita. Vegna þessa var samþykktur rammi um stuðning RA við útgáfur félaga sem birtur er í skýrslunni *Rammi um útgáfu (RA-2024-8)*

Skipaður vinnuhópur stjórnar um útgáfumál. Hlutverk hans að undirbúa og halda fund í Þórunnartúni til að ræða útgáfumál og hvernig RA gæti byggt upp haldgóða þekkingu og veitt þeim stuðning. Í kjölfarið mun hópurinn leggja fram tillögur fyrir stjórn.

Í hópnum sitja þau Oddný Eir Ævarsdóttir, Haukur Arnþórsson, Unnur G. Óttarsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir.



## Gagnastefna ReykjavíkurAkademiunnar ses

Í starfsemi ReykjavíkurAkademiunnar verða til og eru varðveitt gögn sem sýna fram á starfsemi stofnunarinnar og styðja við rekstur hennar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á þessum gögnum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

### Umfang

Stefnan nær til allra gagna sem tengjast rekstri stofnunarinnar óháð miðlum. Hún nær til þeirra sem starfa hjá ReykjavíkurAkademíunni, sitja í stjórnnum, nefndum og vinnuhópum eða eru stofnununinni samningsbundnir.

### Markmið

Meðferð gagna skal lúta skilgreindum verklagsreglum allt frá móttöku, myndun, flokkun og skráningu til endanlegrar varðveislu eða eyðingar. Þessar áherslur skulu endurspeglast í öllum kerfum ReykjavíkurAkademiunnar og í vinnulagi starfsmanna.

### Leiðir að markmiði

- Gagnavistunaráætlun og málalykill styrki samræmda skráningu og stuðli að virkri og samþykktri grisjunaráætlun.
- Verklagsreglur og vinnulýsingar séu samræmdar.
- Markviss kynning tryggir að myndun og varðveisla gagna sé órjúfanlegur hluti af starfsemi ReykjavíkurAkademiunnar og í samræmi við samþykktar verklagsreglur.
- Gagnakerfi ReykjavíkurAkademiunnar séu sniðin að þörfum stofnunarinnar og gagna sem verða til í starfsemi.
- Aðgangsstýringar fari eftir ábyrgð og hlutverki starfsfólks.

### Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir og fylgi faglegum viðmiðum. Hann tryggir skrifstofustjóra stuðning við framkvæmd gagnastefnu ReykjavíkurAkademiunnar og tryggir rekstur gagnakerfa ReykjavíkurAkademiunnar þar með talið uppsetningu notenda og aðgangshópa.

Skrifstofustjóri hefur umsjón með skjala- og upplýsingastjórnun í umboði framkvæmdastjóra og framfylgir gagnastefnu með stuðningi hans. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á innleiðingu gagnastjórnunar og er til ráðgjafar.

Allt starfsfólk og stjórnir bera ábyrgð á þeim gögnum sem þau mynda, móttaka og varðveita til sönnunar um starfsemina í samræmi við settar verklagsreglur.

Samþykkt á fundi stjórnar ReykjavíkurAkademiunnar 24. apríl 2024



## FRÆÐAÞING 2023 – INNAN GARÐS OG UTAN

Fyrsta Fræðaðing ReykjavíkurAkademíunnar var haldið föstudaginn 22. september 2023 í Fróða, fundarsal Íslenskrar Erfðagreiningar. Fræðaðingi er ætlað að vera árlegur vettvangur um samstarf fræðafólks sem starfar utan og innan háskólana að rannsóknum og þekkingarmiðlun á sviði hug- og félagsvísinda til þess að ræða opið um sameiginleg tækifæri og áskoranir hug- og félagsvísinda. Stærra fræðasamfélag en það sem einskorðast við fræðigreini, eða eina eða fleiri stofnanir, nær að skoða fleiri og fjölbreyttari kima samfélagsins og þar með mun rödd fræðanna heyrist víðar. Vonir standa til þess að með auknu samstarfi fræðafólks þvert á fræðigreinar og starfsvettvang geti leitt til aukins sýnileika hug- og félagsvísinda og fjölbreyttari og öflugri rannsókna, betri nýtingar ýmissa rannsóknainviða og margbreytilegri þekkingarmiðlunar.

Að þessu sinni bar Fræðaðingið yfirskriftinni *Innan garðs og utan*. Þar er vísað til stöðu hug- og félagsvísinda í vísindasamfélaginu en einnig til þess aðstöðumunar sem er á milli fræðafólks eftir búsetu, aldri og stöðu þess á vinnumarkaði. Háskóli Íslands er höfuðvíg fræðasamfélagsins en aðrir háskólar og stofnanir gegna veigamiklu hlutverki fyrir valdar greinar. Hluti rannsókna og þekkingarmiðlunar er síðan borinn uppi af fræðafólki sem starfar sjálfstætt. ReykjavíkurAkademían er í forsvari fyrir þennan hóp fræðimanna og hefur lengi talað máli þeirra. Í síbreytilegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar vinnur stofnunin að því að taka sér enn skýrari stöðu sem málsvari og bakhjarl fræðafólks, jafnt í rannsóknum sem á atvinnumarkaði.

Auk lykilyfirlesturs Davíðs Ólafssonar þá samanstóð Fræðaðingið af fjórum pallborðum þar sem tuttugu og einn sérfræðingur tóku þátt. Fyrsta pallborðið, Hlutverk hug- og félagsvísinda var stýrt af Viðari Hreinssyni. Annað pallborðið, Fræðasamfélagið utan háskólanna var stýrt af Steinunni J. Kristjánsdóttur. Þriðja pallborðið, Fjármögnun áhugadrifinna rannsókna stýrði Ingunn Ásdísardóttir og fjórða pallborðinu, Unga fólkið – framtíð fræðanna stýrði Ásta Kristín Benediktsdóttir.

Á undan hverju pallborði var spilað stutt myndband þar sem þema pallborðsins var rammað inn. Upptaka frá málþinginu er aðgengileg á Youtube-rás ReykjavíkurAkademíunnar ([www.youtube.com/@reykjavikurakademian7468](https://www.youtube.com/@reykjavikurakademian7468)). Þá hefur verið tekin saman skýrsla um Fræðaðingið 2023 (RA-2024-3) þar sem m.a. allir fyrirlestrar og inngangstextar pallborða eru aðgengilegir.

Öllum þátttakendum, samstarfsaðilum og starfsfóki ReykjavíkurAkademían er þökkuð þátttakan og mikilsvert framlag til umræðna um fræðafólk sem starfar innan og utan háskólanna. Þá er Íslenskri erfðagreiningu færðar þakkir fyrir lán á fundarsalnum sem skapaði glæsilega umgjörð um þingið.

# DAGSKRÁ FRÆÐAÞINGS 2023 OG ÞÁTTTAKENDUR

## INNAN GARÐS OG UTAN

13:00 Lilja Hjartardóttir formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar setur þingið

13:10 Lykilfyrirlestur: Klofvega á garðinum. Fræðasamfélagið utan/í háskóla dr. Davíð Ólafsson dósent við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

## HLUTVERK HUG- OG FÉLAGSVÍSINDA, pallborð I

dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, dr. Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, dr. Gylfi Magnússon, deildarforseti Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, dr. Þórhallur Magnússon, rannsóknaprófessor við Listaháskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar. Umræðustjóri: Viðar Hreinsson sérfræðingur hjá Náttúruminjasafni Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni.

## FRÆÐASAMFÉLAGIÐ UTAN HÁSKÓLANNA, pallborð II

dr. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, dr. Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, dr. Daníel Svavarsson, skrifstofustjóri Skrifstofu samhæfingar og stefnumála hjá Forsætisráðuneyti, Anton Örn Karlsson deildarstjóri á Hagstofu Íslands, dr. Sumarliði R. Ísleifsson, varaformaður Sögufélags, dósent við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni. Umræðustjóri: dr. Steinunn J. Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni

## FJÁRMÖGNUN ÁHUGADRFINNA FRÆÐIRANNSÓKNA, pallborð III

dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, sérfræðingur í háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, dr. Freysteinn Sigmundsson, formaður Vísinda- og nýsköpunarráðs, Ágúst Hjörtur Ingbórsson, forstöðumaður Rannís  
dr. Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur í fjármálum, Hrönn Greipsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Umræðustjóri: dr. Ingunn Ásdísardóttir fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna

## UNGA FÓLKIÐ – FRAMTÍÐ FRÆÐANNA, pallborð IV

dr. Ragnhildur Helgadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, dr. Árni Gunnar Ásgeirsson deildarforseti Sálfræðideildar Háskólans á Akureyri, dr.Ólafur Rastrick deildarforseti Félagsfræði- mannfræði-, og þjóðfræðideildar Háskóla Íslands, félagi í ReykjavíkurAkademíunni, Atli Antonsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands og fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna, Piergiorgio Consagra, fulltrúi FEDON, Félags Doktorsnema og Nýdoktora við Háskóla Íslands. Þórdís Dröfn Andrésdóttir, forseti SÍNE, Samtaka íslenskra námsmanna erlendis. Umræðustjóri: dr. Ásta Kristín Benediktsdóttir lektor við Háskóla Íslands og félagi í ReykjavíkurAkademíunni

## HORFT FRAM Á VEGINN

dr. Sólveig Ásta Sigurðardóttir, fræðimaður við ReykjavíkurAkademíuna og nýdoktor við Háskóla Íslands

Fundarstjóri: Ásthildur Elva Berhardsdóttir dósent við Háskólann á Bifröst, félag í ReykjavíkurAkademíunni.

## SKIPULEGGJENDUR FRÆÐAÞINGS 2023

**Framkvæmdanefnd** Lilja Hjartardóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Ingunn Ásdísardóttir og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.°

**Verkefnisstjóri** Ólöf Anna Jóhannsdóttir þjóðfræðingur, fræðakona við ReykjavíkúAkademíuna.

**Myndbönd** Höfundur texta: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. Upplstur: Þorleifur Hauksson. Upptaka og klipping: Árni Gylfason. Umsjón: Ólöf Anna Jóhannsdóttir.

**Grafískur hönnuður** Dagný Reykjalín, Blek hönnunarstofa

**Ljósmyndari** Linda Guðlaugsdóttir

**Ráðgjafar** Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ása Ester Sigurðardóttir, Henry Alexander Henrysson, Sigurgeir Guðjónsson og Sigurlaug Dagsdóttir.

**Undirbúningsnefnd** Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Bára Baldursdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Katrín Theódórsdóttir, Ingunn Ásdísardóttir, Kristín Jónsdóttir og Lilja Hjartardóttir.

## SAMSTARFSADILAR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR



## SVIPMYNDIR FRÁ FRÆÐAÞINGI – INNAN GARÐS OG UTAN

Ljósmyndari: Linda Guðlaugsdóttir - myndirnar eru einnig á Facebooksíðu ReykjavíkurAkademiunnar.







## RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir þeirra félaga sem starfa sjálfstætt innan vébanda Félags ReykjavíkurAkademíunnar. Rannsóknir félaganna eru fjölbreyttar, ná yfir margbreytileg sérsvið og flokkast ýmist sem grunnrannsóknir eða sem hagnýtar rannsóknir. Fræðafólkið starfar ýmist eitt eða í samvinnu við innlenda og erlenda rannsóknarhópa.

Rannsóknarstjóri RA heldur utan um rannsóknarverkefnið í samvinnu við verkefnisstjóra þess og annast um og ábyrgist bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru við stofnununa. Þá býður Miðstöð framhaldsnám hjá Háskóla Íslands fræðafólki Akademíunnar að taka þátt í völdum námskeiðum sem sniðin eru fyrir doktorsnema.

Á starfsárinu hlutu tvær rannsóknir brautargengi í rannsóknasjóðum. Þetta er rannsóknarverkefnið Fortíð norðursins endurheimt“ sem fékk þriggja ára verkefnisstyrk úr Rannsóknasjóði í byrjun árs 2024 og Skriv og lær sem Björg Árnadóttir tekur þátt í sem fulltrúi RA.

### Rannsóknir með heimilisfesti í ReykjavíkurAkademíunni

*„Forntíð norðursins endurheimt. Mótun þjóðlegra og þverþjóðlegra sjálfsmýnda á grundvelli norræna fornþókmennna 1750-1900.“*

Gylfi Gunnlaugsson, Clarence Glad og Jon Gunnar Jörgensen

Þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannsóknasjóði árið 2024 þar sem könnuð verður virk viðtaka fornþókmennanna innan ólíkra menningarsviða á nefndu tímabili, með sérstakri áherslu á hlutverk þessa arfs í hinni þjóðernislegu orðræðu. Rannsóknin tekur til Norðurlandanna og nokkurra fleiri norðurevrópskra landa.

*Skriv og læri – insikt og utsikt.*

Björg Árnadóttir verkefnisstjóri

Tveggja ára þróunarverkefni á sviði ritlistarkennslu styrkt af Nordplus Vokesen.

Samstarfsaðilar ReykjavíkurAkademíunnar eru Fróðskaparsetur Føroya og Forfatterskolen í Noregi.

*Sögur og fylgdarmenn.*

Axel Kristinsson, Árni Daníel Júlíusson og Viðar Hreinsson

Styrkt af RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árið 2020 og 2023 felur m.a. í sér vinnslu gagnagrunns um þekktu fylgdarmenn helstu höfðingja Sturlungaaldar.

*Gagnagrunnur: störf og afurðir fræðafólks sem starfar utan háskólanna*

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartadóttir. Grunnur verkefnisins var lagður sumarið 2022 en þá hlaut ReykjavíkurAkademían styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og voru sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jensson ráðnir til að vinna gagnagrunn. Ekkert fjármagn fékkst til rannsóknarinnar á þessu ári.

*ReykjavíkurAkademían 1997–2022*

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Verkefnið gengur út á að safna í skjalasafn RA heimildum sem varða starfsemi félagsins og stofnunarinnar á tímabilinu 1997–2022. Meginmarkmiðið er að gera fylla í skörð skjalsafns RA, endurgera félagatal FRA 1997–2022 og vinna úr efni til birtingar á vefsíðu stofnunarinnar.

## SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2023–2024

Árið 2021 var tekin upp sú nýbreytni að gefa skýrslum ReykjavíkurAkademíunnar útgáfunúmer og birta á vefsíðu stofnunarinnar. Tilgangurinn er að tryggja aðgengi Félaga í FRA og styrktaraðila RA að upplýsingum um starfsemina, að halda saman skýrslu Akademíunnar og að auka samfellu í starfi stofnunarinnar. Á starfsárinu 2023-2024 voru eftirfarandi skýrslur unnar. Tvær þeirra, RA-2024-9 og RA-2024-10 kom út haustið 2024 en eru hafðar með á þessum lista þar sem þar er tekið utan um þá innviðaupbyggingu sem fór fram á vegum stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar árið 2023-2024.

### RA-2024-1

#### **Aðgerðaáætlun stjórnar 2022-2024**

Ritstjóri Lilja Hjartardóttir.

### RA-2024-2

#### **Stjórnskipulag ReykjavíkurAkademíunnar. Ábyrgð og samhæfing stjórnar, starfsfólks og verkefnisstjóra.**

Ritstjórar Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir.

### RA-2024-3

#### **Fræðaping 2023 – Innan garðs og utan**

Ritstjórar Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Lilja Hjartardóttir.

### RA-2024-4

#### **Ársskýrsla ReykjavíkurAkademíunnar 2023**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

### RA-2024-5

#### **Aðstaða fyrir rannsakendur**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

### RA-2024-6

#### **Bókasafn Dagsbrúnar 2021-2023. Skýrsla stjórnar**

Ritstjórar Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Kristín Jónsdóttir.

### RA-2024-7

#### **Málalykill ReykjavíkurAkademíunnar**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

### RA-2024-8

#### **Rammi um útgáfu**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

### RA-2024-9

#### **Miðstöð fræða í Hafnarstræti 5. Viðskiptaáætlun**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.

### RA-2024-10

#### **Nýtt skipulag ReykjavíkurAkademíunnar. Vinnuhópar stjórnar 2023-2024**

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir.



## SKÝRSLA STJÓRNAR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2023–2024

Stjórn Félags Reykjavíkurakademíunnar var kosinn á aðalfundi 8. júní 2023. Stjórnina skipuðu þau Björg Árnadóttir, formaður, Oddný Eir Ævarsdóttir, ritari, Þuríður Jónsdóttir, gjaldkeri, Árni Finnson og Haukur Arnþórsson. Fyrstu fundur félagsins var haldinn 31. ágúst 2023. Formaður félagsins, Björg Árnadóttir, sagði af sér formennsku í október 2023, þar sem hún færði vinnuáðstöðu sína annað. Björg Hjartardóttir tók við formennsku 12. október 2023. Á tímabilinu öllu voru haldnir ellefu stjórnarfundir og samráð utan reglulegra funda. Stjórnin setti sér það markmið að halda úti viðburðaríkri dagskrá við Öndvegisborðið með því að virkja sem flesta í húsi og efna til sameiginlegra viðburða.

Á tímabilinu hélt félagið hélt áfram að borga vinnu við rekstur og skipulag félagatalsins. Umræða fór reglulega fram um ut anumhald við félagið, t.d. var reynt að ná til félaga sem ekki hafa borgað í nokkur ár. Félagið hefur vanrækt að tengjast félögum utanhús og mikilvægt að því hlutverki sé sinnt í framtíðinni. Hugmyndir komu fram um að bjóða formönnum fagfélaga í heimsókn og mynda frekari tengls við rannsóknarstofnanir í háskólasamfélaginu.

Samræður voru yfir tímabilið um verkaskiptingu á milli ses-ins og félagsins, fundur var haldinn í vor með formanni stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra RA. Lagabreytingar á lögum FRA koma í kjölfarið á þeim umræðum.

Félagið styrkti Fræðapingið sem haldið var haustið 2022 og stjórnin samþykkti að leggja fram stofnframlag við stofnun Afmælistjóð á móti framlagi ses-ins.

### Félagslíf

Jólin og jólaundirbúningurinn lét ekki á sér standa þetta árið frekar en önnur. Fimmtudaginn 30. desember var aðventustund með piparkökum og upplestri. Þar lásu demónarnir Bára, Katrín, Oddný Eir, Haukur, Hjörleifur og Ingibjörg upp úr verkum sínum við stóra borðið. Demónar fögnuðu svo Litlu jólunum á Fosshóтели 15. desember 2023.

Mörður Árnason skipulagði ferð á Þjóðminjasafnið föstudaginn 26 janúar 2024 þar sem demónar fengu leiðsögn hans og Lilju Árnadóttur á Reflasýninguna í Bogasalnum. Þau eru ritstjórar bókar Elsu E. Guðjónsson um íslenskan refilsaum. Sælan var svo tekin í Stúdentakjallaranum.

23. febrúar 2024 var haldinn stórfundur við stóraborðið og í kjölfarið haldið þorramblót í salnum niðri þar sem þorramat og góðum veigum voru gerð góð skil.

12. apríl 2024 fóru fram tiltektir og þrif í Þórunnartúni þar sem hreinsað var til bæði inni á herbergjum og í alrýminu. Í hádeginu var boðið upp á súpu, vín, bjór og kökur.

7. júní 2024 fóru demónar svo í heimsókn á Bessastaði þar sem forsetinn tók á móti þeim í kaffi og spjall.



## Viðburðir í Öndvegi

Öndvegisviðburðir vetrarins voru þrettán. Viðburðirnir voru mjög vel sóttir og ávallt sköpuðust góðar umræður við stóra borðið þar sem demónar borðuðu saman hádegismat.

### **Haust 2023**

28. sept. 2023 hélt Björg Árnadóttir erindi sem kallaðist: „Umhverfis Evrópu á níutíu dögum - tölfræði, afmæli og útskrift.“

5. október 2023 fjallaði svo Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir um doktorsritgerðina sína í erindinu: „Doktorsritgerðin mín.“

19. okt 2023 steig Aðalsteinn Eypórsson í öndvegi með erindið: „Furðufugl í íslenskum fræðum.“

2. nóv. 2023 var Þorgeir Sigurðsson með erindið: „Snorri, bragfræði og stærðfræði.“

Í tengslum við útgáfu á bók sinni steig Bára Baldursdóttir í öndvegi 9. nóv. 2023 með erindið: „Kynlegt stríð: Ástandið í nýju ljósi.“

23. nóv. 2023 hélt Oddný Eir Ævarsdóttir erindið: „Bláleiðir, sígaunasálmar og eirormar.“

Ingunn Ásdísardóttir hélt svo síðasta öndvegis erindi ársins 14. des. 2023 þar sem hún fjallaði um: „Blíðir og stríðir jötnar.“

### **Vor 2024**

Fyrsta erindi ársins hélt Auðunn Arnórsson 18. janúar 2024 með titlinum „Hver var Ragnar Lundborg?“

8. febrúar 2024 fjallaði Árni Finnsson um svartolíu í erindinu „Ískyggileg þróun á Norðurslóðum.“

Stefán Jökulsson var svo með erindi 29. febrúar 2024 sem kallaðist: „Andlegt líf – lífsfylling og jafnvægi.“

21. mars 2024 hélt Þorleifur Hauksson svo erindið: „Vanmetin dýrlingasaga frá 14. öld.“

2. maí 2024 steig Salvör Aradóttir í öndvegi með erindið: „Um túlkun.“

Síðasta öndvegi vetrarins hélt svo Þór Martinsson 30. maí 2024, um 150 ára afmæli stjórnarskrár Íslands.

## BÓKASAFN DAGSBRÚNAR

Bókasafn Dagsbrúnar, sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknarsafn um sögu verkalýðshreyfingarinnar og vinnumarkað, og sem slíkt það eina sinnar tegundar á landinu. Það er í eigu Eflingar – stéttarfélags og hefur verið rekið af ReykjavíkurAkademíunni frá árinu 2004. Bókasafnið hefur undanfari þrjú ár verið staðsett á fyrstu hæð Þórunnartúns 2 en opnaði 1. febrúar 2024 eftir að hafa verið lokað í 15 mánuði vegna viðgerða í kjölfar leka í botnplötu.

Unnin hefur verið skýrslan *Bókasafn Dagsbrúnar 2021-2023. Skýrsla fagstjórnar* (RA-2024-6) en í henni sátu þau Kristín Jónsdóttir formaður, Mörður Árnason, Kristjana Mjöll Hjörvar, Sólveig Anna Jónsdóttir og Tjörvi Berndsen.

Umsjónarkona bókasafnsins var Ingibjörg Hjartardóttir en hún lét af störfum 30. mars 2024.

Í lok maí ákvað hins vegar eigandi safnsins, Efling stéttarfélag að hætta alrið rekstri safnsins. Fram að þeim tímapunkti höfðu staðið yfir samningaviðræður milli fulltrúa ReykjavíkurAkademíunnar og Eflingar um rekstur safnsins til tveggja ára, 2024-2025.

Auk vinnu við samningsgerðina þá höfðu fulltrúar Akademíunnar lagt fram tillögu um grisjun bókakosts safnsins og mótaði framtíðarsýn þess undir yfirskriftinni Dagsbrún - Þekkingarmiðstöð. Framtíð Bókasafns Dagsbrúnar. Einnig var unnið að smíði vefgáttar undir stjórn Oddnýjar Eir Ævarsdóttu sem var hugaður sem nokkurs konar upplýsingabrunnur um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskra verkalýðshreyfingar og sögur úr samtímanum. Því miður náðu þessi áform ekki að ganga eftir.

Með ákvörðun Eflingar þá hófumst samræður um lokun safnsins og búskipti. Bókasafnið hefur einnig verið handbókasafn ReykjavíkurAkademíunnar og óskað hefur verið eftir því að bækur ritaðar við ReykjavíkurAkademíuna, bækur Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur og aðrar bækur sem RA sækist eftir falli til Akademíunnar og myndi stofn handbókasafns.

## ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2023

### REKSTRARREIKNINGUR 2023

Rekstrartekjur	Skýr.	2023	2022
Ríkisframlag.....		24.750.000	24.000.000
Tekjur vegna bókasafns.....	6	15.216.000	15.160.484
Tekjur af framleigu.....	7	15.241.200	14.139.504
Aðrar tekjur.....	8	3.140.000	3.175.193
Reykjavíkurborg rekstrarstyrkur.....		0	1.000.000
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<u>58.347.200</u>	<u>57.475.181</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Gjöld af grunnstarfsemi.....	9	11.584.184	20.470.669
Kostnaður við verkefni.....	10	8.257.674	5.653.355
Gjöld vegna bókasafns.....	11	15.249.254	15.160.484
Gjöld vegna framleigu.....	12	19.923.209	17.332.678
Afskriftir.....	3	1.290.264	1.612.821
<b>Rekstrargjöld</b>		<u>56.304.585</u>	<u>60.230.017</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		2.042.615	( 2.754.836)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		1.355.971	348.769
Vaxtagjöld .....		( 4.783)	( 990)
		<u>1.351.188</u>	<u>347.779</u>
<b>Rekstrarárangur fyrir skatta</b>		3.393.803	( 2.407.057)
Fjármagnstekjuskattur.....		( 269.678)	( 60.399)
<b>Rekstrarárangur ársins</b>		<u>3.124.125</u>	<u>( 2.467.456)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2023

**Eignir**

	Skýr.	2023	2022
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
Innréttingar bókasafni.....		4.061.682	5.077.102
Uppþöktutæki.....		1.099.375	1.374.219
Málverk.....		125.000	125.000
	3	5.286.057	6.576.321
 <b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....		335.725	1.483.390
Fyrirframgreiddur kostnaður.....		1.399.587	1.350.093
Handbært fé.....		23.968.684	13.741.505
		25.703.996	16.574.988
 <b>Eignir samtals</b>		<b>30.990.053</b>	<b>23.151.309</b>
 <b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....		22.344.322	19.220.197
	4	22.344.322	19.220.197
 <b>Skuldir</b>			
Ógreiddur kostnaður.....		2.010.375	1.499.245
Skuld við rannsóknaverkefni.....	13	3.699.583	1.481.586
Fyrirfram innheimtar tekjur.....		2.200.000	0
Laun og launatengd gjöld.....		714.873	930.081
Útvarpsgjald.....		20.900	20.200
		8.645.731	3.931.112
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>30.990.053</b>	<b>23.151.309</b>

## YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI

2023

2022

## HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI

Frá rekstri	3.124.125	( 2.467.456)
<b>Mismunur á rekstrarárangri og handbæru fé til rekstrar</b>		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir.....	1.290.264	1.612.831
Hreint veltufé frá rekstri	4.414.389	( 854.625)
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>		
Skammtímafröfur, (hækkun), lækkun.....	1.098.171	( 2.565.553)
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun).....	4.714.619	( 347.028)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	5.812.790	( 2.912.583)
Handbært fé frá rekstri	10.227.179	( 3.767.208)

## FJÁRFESTINGAHREYFINGAR

HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	10.227.179	( 3.767.206)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....	13.741.505	17.508.711
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK.....	23.968.684	13.741.505

## KENNITÖLUR

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.....	72,10%	83,02%
Veltufjárhlutfall.....	2,97	4,22

## ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2023

### Rekstrarreikningur ársins 2023

<i>Tekjur:</i>	2023	2022
Félagsgjöld .....	1.246.500	172.700
Vaxtatekjur .....	44.621	13.754
Aðrar tekjur	213.500	0
	<hr/>	<hr/>
	1.504.621	186.454
<i>Gjöld:</i>		
Kostnaður vegna aðalfundar .....	11.579	0
Ferðir og skemmtanir .....	363.353	3.675
Gjafir og styrkir	5.900	0
Öndvegiskaffi.....	0	0
Fjármagnstekjuskattur .....	10.793	3.272
Þjónustugjöld og kostnaður .....	31.169	26.666
RA stúdentastofa .....	190.509	171.129
Málþing	0	200.000
Gerð veflægs félagatals	30.000	63.984
Lén .....	6.643	6.643
	<hr/>	<hr/>
	649.946	475.369
<i>Tekjur umfram gjöld</i>	<hr/>	<hr/>
	854.675	-288.915

### Efnahagsreikningur pr. 31. des. 2023

#### *Eignir:*

##### *Veltufjármunir:*

Landsbanki 0101-26-530697 .....	77.579	159.310
Landsbanki 0101-15-630905 .....	1.342.959	407.053
	<hr/>	<hr/>
<i>Eignir samtals</i>	1.420.538	566.363

#### *Skuldir og eigið fé:*

##### *Eigið fé:*

Hrein eign frá fyrra ári .....	566.363	855.278
Tekjur umfram gjöld .....	854.175	-288.915
Óinnheimtar tekjur .....	0	0
	<hr/>	<hr/>
	1.420.538	566.363

##### *Skuldir og eigið fé samtals*

	<hr/>	<hr/>
	1.420.538	566.363

## FRÆÐIMENN OG FÉLÖG

### Konur og menn

Eftirfarandi fræðikonur og menn, rithöfundar og skáld störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni um lengri eða skemmri tíma á árinu 2023:

Aðalsteinn Eypórsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnór Gunnar Gunnarsson, Arnþór Gunnarsson, Atli Antonsson, Auðunn Arnórsson, Árne Finnsson, Bára Baldursdóttir, Björg Árnadóttir, Björg Hjartardóttir, Björn Halldórsson, Björn S. Stefánsson, Davíð Hörgdal Stefánsson, Emily Turner, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Þorri Pétursson, Gylfi Gunnlaugsson, Haukur Arnþórsson, Hjörleifur Hjartarson, Hörður Andri Steingrímsson, Hrund Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Ingimar Einarsson, Ingunn Ásdísardóttir, Katrín Theódórsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Lilja Hjartardóttir, Mörður Árnason, Oddný Eir Ævarsdóttir, Ólöf Anna Jóhannsdóttir, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Salvör Aradóttir, Sólrún Harðardóttir, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, Stefán Jökulsson, Stefán Pálsson, Svanur Kristjánsson, Sverrir Haukur Gunnlaugsson, Þorgeir Sigurðsson, Þorleifur Hauksson, Þór Martinsson, Þórunn Valdimarsdóttir og Þuríður Jónsdóttir.

Ritaskrá fyrir árið 2023 verður birt á vef Akademíunnar, [www.akademia.is](http://www.akademia.is)

### Félög og fyrirtæki

Á árinu 2023 störfuðu eftirfarandi félög og fyrirtæki innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Bókasafn Dagsbrúnar, Hagþenkir félag fræðibókahöfunda, Stílvopnið, Listmeðferð Unnar, Lýðræðissetrið og Náttúruverndarsamtök Íslands

## REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Pórunnartúni 2, 105 Reykjavík  
ra@akademia.is – sími 562 8565  
[www.akademia.is](http://www.akademia.is)